

Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Skólaskrifstofu Austurlands fimmtudaginn 1. júlí 2010. Fundurinn var haldinn í Hermes á Reyðarfirði og hófst klukkan 16:00 og var 2. fundur stjórnar á árinu. Á fundinn voru mætt: Svanhvít Aradóttir, Þorbjörn Rúnarsson, Elfa Rúnarsdóttir og Sigurbjörn Marínósson, forstöðumaður. Einar Björn Kristbergsson og Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir voru í símasambandi.

1. Yfirferð á samingi Skólaskrifstofu Austurlands, vegna endurskoðunar

Sigurbjörn sagði frá því að á síðasta fundi lagði starfsfólk Skólaskrifstofunnar fram breytingartillögur á öðrum lið samningsins. Stjórnarmenn fóru með þessar tillögur heim í hérað og sýndu þær þar. Þessari endurskoðun þarf að vera lokið fyrir aðalfund. Gott er að lesa samninginn nokkrum sinnum yfir og hafa í huga t.d. breytingar á grunnskólalögum o.fl.

Fundarmönnum sett fyrir, fyrir næsta fund að lesa samninginn enn betur og hafa þá athugasemdir tilbúnar ef einhverjar eru. Þannig verður hægt að senda samninginn út með aðalfundarboði og þá fá sveitarstjórnarmenn tækifæri til að skoða hann.

Svanhvít talaði um það að líklegast væru nýjar fræðslunefndir í sveitarfélögum og þyrfti að leggja þetta fyrir þær.

Þorbjörn ræddi m.a. um tengsl við yfirfærslu á málefnum fatlaðra. Hann minntist einnig á að fræðslunefndin á Fljótshéraði hefði ekki fengið samninginn inn á borð hjá sér.

Sigurbjörn talaði um að sá samningur sem yrði samþykktur í október væri ekki óbreytanlegur, heldur væri hann stöðugt til endurskoðunar.

Stefnt er að næsta fundi hjá stjórninni í lok ágúst og þá verði þessi vinna kláruð.

2. Staða mála

Sigurbjörn sagði frá því að Halldóra Baldursdóttir hefur óskað eftir að fara úr 50% í 40% starfshlutfall á næsta skólaári.

Hann sagði frá stöðu sérfræðimála. Biðlistinn hjá sálfræðingum er töluverður og hafa komið athugasemdir frá einhverjum skólum. Sigurbjörn talaði um að það væru um 70 börn á biðlista. Einstaka kennarar og foreldrar hafa gert alvarlegar athugasemdir við sálfræðingana sjálfa, sem hann telur ekki réttu leiðina að fara. Sigurbjörn fór yfir stöðuna, fjallaði um hversu lengi börnin hafa beðið o.s.frv. Þá sagði hann frá því hver fjöldi barnanna á svæðinu væri og að óskað væri eftir aðstoð vegna stórs hluta nemenda sem útskýrir m.a. þetta mikla álag á sálfræðingum. Það eru rúmlega 1.000 börn sem eiga skýrslur í skjalaskáp Skólaskrifstofunnar og eru það um 70% miðað við núverandi fjölda nemenda í grunnskólunum. Það sýnir hversu gífurlegur fjöldi þetta er.

Það sem hefur gerst er að Skólaskrifstofan getur betur sinnt skjólstæðingum sínum, það eru fleiri úrræði en biðlistar hafa ekki styst. Þrátt fyrir ABG verkefnið hafa biðlistar ekki styst.

Þegar óskað er eftir greiningu þá þarf að vinna hana til að komast að rót vandans.

Sigurbjörn talaði um að það væru einkum þrjár leiðir vegna biðlista:

- a) Hækka þröskuldinn
- b) Fjölga sálfræðingum
- c) Hafa óbreytt ástand

Eins og staðan er núna þá telja stjórnarmenn nauðsynlegt að senda skólastjórnendum og fræðslunefndum þessar upplýsingar þannig að menn geri sér grein fyrir því að tveir

sálfræðingar anna ekki eftirspurninni. Sigurbjörn telur það vera um 1 ársverk sem út af stendur þannig að ef það tækist að ráða sálfræðing þá eru líkur á því að biðlistinn minnkaði til muna.

Sigurbjörn tók undir það að nauðsynlegt sé að taka þessa umræðu og kynna staðreyndir málsins fyrir sveitarstjórnarmönnum og skólastjórum.

Einar Björn vildi koma því að framfæri að á Vopnafirði væri mikil ánægja með starf Skólaskrifstofunnar og mikilvægt að koma því á framfæri. Halldóra tók undir það, sagði frá því að á Djúpavogi væri líka ánægja með starfseminu.

Forstöðumanni falið að koma þessum upplýsingum til sveitarstjórna og skólastjóra á starfssvæðinu.

3. Endurmenntun 2010

Sigurbjörn sagði frá því að hann hefði sótt um í endurmenntunarstjóð grunnskóla. 400.000.- fengust í þrjú námskeið:

Lífsleikni (22 búnir að skrá sig).

Fjölbreytt og skapandi skólastarf (2 dagar - 147 búnir að skrá sig).

Numicon (stærðfræði), bæði framhaldssnámskeið og grunnnámskeið (19 búnir að skrá sig).

Tveggja daga námskeiðið verður í fyrsta skipi í stamstarfi við KSA, þ.e. fræðslufundir verða inni á námskeiðinu sjálfu, ásamt aðalfundi KSA og árshátíð. Hið hefðbundna haustþing KSA fellur niður í staðinn. Er þetta gert í samvinnu Skólaskrifstofunnar, KSA og SKAUST (Skólastjórafélags Austurlands).

Sigurbjörn bindur vonir við að þetta verði gott námskeið, en hann hefði viljað fá eilítið hærri styrk.

Hann sótti líka um styrk í ADHD verkefnið og fékk 575.000.- Stefnt er á 30. sept. og 1. okt. fyrir grunnskólakennara og starfsmenn skóla. Þetta eru fimm fyrirlestrar, fimm sálfræðingar sem koma. Reiknað er með því að það verði á Egilsstöðum.

Í vikunni 20.-24. september verður sérstök vitundarvika á vegum ADHD samtakanna.

Hann sagði einnig frá því að í september er stefnt að því að halda sérstakt stærðfræðinámskeið, konur sem fengu styrk úr endurmenntunarsjóði ætla að hafa slíkt námskeið á Austur- og Norðurlandi.

4. ABG-verkefnið

Sigurbjörn sagði að nú væri þessi tilraunaverkefni að ljúka og nú þyrfti að ákveða hvort það væri vilji fyrir því að halda því áfram. Óskað hefur verið eftir athugasemdum og tillögum og fóru Aðalheiður og Sigurbjörn á fund nú í júní. Aðalheiður fór yfir málin þar, eins og þau koma henni fyrir sjónir og gerði róttækar tillögur um áframhaldandi starf. M.a. þess efnis að starfsemin/verkefnið heyri framvegis undir Skólaskrifstofuna. Voru menn tilbúnir að skoða það. Umsókn verður send í ráðuneytið af HSA um áframhald verkefnisins og verður ákvörðun tekin þar um í haust. Sigurbjörn hefur einnig tekið saman punkta sem fara til ráðherra, varðandi vilja um að verkefninu verði haldið áfram og aðkomu Skólaskrifstofunnar að því. Þorbjörn talaði um að það gæti flækt málið ef það fellur undir fleiri en eitt ráðuneyti. Hugsunin er ekki sú að breyta forminu sem slíku, heldur að hafa allt undir sama hatti. Sigurbjörn er hæfilega bjartsýnn á að þetta verði niðurstaðan. Það eru mörg fagleg rök sem styðja það.

Þorbjörn sagði frá starfi teymisins í Menntaskólanum á Egilsstöðum.

5. Önnur mál

- a) Rekstrarleigan á bílunum er að renna út. Nú er sú staða komin upp að leigan fæst ekki framlengd, vegna óvissu með bílalán o.fl. Það er allt stopp og eina sem við getum gert er að kaupa bílana, eða skila þeim. Hvað eigum við að gera í framhaldinu? Sigurbjörn ætlar að skoða málið hjá bílaleigum en ef það gengur ekki þá þarf fólk að fara á sínum bílum og skila akstursbók. Það er alltaf dýrari kostur, þó menn reyni að samnýta ferðir.
- b) Sumarfrí hjá Skólaskrifstofunni, hefjast eftir helgi og opnað verður aftur eftir mánaðamót (júlí/ágúst).
- c) Svanhvít spurði um talmeinafræðinginn sem rætt var um á síðasta fundi. Sá talmeinafræðingur ætlar að hitta Sigurbjörn í ágúst, en ef af ráðningu yrði kæmi hann ekki til starfa fyrr en á næsta ári, þar sem hann á eftir að ljúka náminu.
- d) Sigurbjörn sagði frá því að aftur yrði námskeið í vetur „**Klókir krakkar**“, Orri Smárason og María Huld Ingólfssdóttir hafa stjórnað þessum námskeiðum. Foreldrar taka þátt og er mikil ánægja með þessi námskeið. Yrði það fjórða námskeiðið. Stefnt að því að halda það í Neskaupstað. Þessi námskeið hafa gefið góða raun.
- e) Stjórnin óskar þess að starfsfólk Skólaskrifstofunnar njóti sumarfrísins vel og að þau komi endurnærð til starfa í haust.

Fleira ekki rætt og fundi slitið klukkan 17:00.

Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, fundarritari